



# Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í ágúst. Efni þarf að berast í síðasta lagi 4 ágúst.



Frá Bókasafni Hrunamanna

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21  
Þriðjudaga Kl. 16-18  
Miðvikudaga Kl. 16-18



Krakkar ! Á bókasafninu má finna fjölbreytt efni fyrir sumarlesturinn ☺

Minnum á að alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook

## VERIÐ VELKOMIN



### Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

**Frá 10. júní-30. júní:**

Mánudaga til föstudaga: 12:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

**1.júlí til 7. ágúst:**

Mánudaga til föstudaga: 10:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 10:00-18:00

**8.ágúst til 11. ágúst:**

Mánudaga til föstudaga: 12:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00



### Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Júní

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 17.30-20.30

Júlí

Lokað

Ágúst (8.-17.ágúst)

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 17.30-20.30

júní 2017  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
svanhildur@fludir.is

27. árgangur.  
316.tölublað.  
pesi@fludir.is.  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Júní mánuður er runninn upp og þetta árið er sannarlega komið sumar. Allur gróður er mjög snemma á ferðinni og meira að segja er Landgræðslufélagið búið að fara í landgræðsluferðina upp á Hrunamannafrétt. Sá félagsskapur stendur vel undir nafni og hefur lyft Grettistaki á afréttinum okkar. Varðandi umhverfismál þá hvet ég alla til að huga að umhverfi sínu og muna að það er ásýnd sveitarinnar. Á gámasvæðinu á Flúðum er nú búið að koma upp pressugámi fyrir pappír sem er mikil framför frá svokölluðum pappírsgámi. Hvet ég fólk og fyrirtæki að flokka vel pappírinn í pressuna en blátunnan rúmar eðlilega ekki stórar umbúðir o.fl. sem á þá að fara í pressugáminn. Að öðru leyti hvet ég fólk til að flokka vel upp á gámasvæði og setja úrgang í rétta farvegi.

Nú biðum við eftir því að Skipulagsstofnun afgangi aðalskipulagið okkar en nokkur verkefni biða eftir því að það klárast formlega. M.a. þarf þá að huga að friðlýsingu Kerlingarfjalla en það verkefni biður þangað til aðalskipulagið klárast en þá þurfum við fara aftur yfir málið með Umhverfisstofnun. Þá er einnig ljóst að umræða um þjóðgarð á miðhálandinu fer að verða hávær og við þurfum að fara að mynda okkur skoðun á því .

Nú hefur sveitarfélagið ákveðið að stofna félag til að leggja ljósleiðara í sveitarfélaginu og þarf síðan að koma því verkefni af stað. Að mínu mati er þetta mál eitt helsta búsetumál landsbyggðarinnar og eykur samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem eru með starfssemi í dreifbýlinu. Á næstu vikum verður þetta útfært nánar en ég veit að það er mikill spenningur um að þetta verði að veruleika sem fyrst.

Vonandi sjáum við fljótlega fleiri íbúðarhúsnæði rísa í sveitarfélaginu, bæði á Flúðum og í dreifbýlinu. Þetta ástand er mjög bagalegt en raunveruleikinn er til dæmis sá að fyrirtæki sem hér starfa þurfa í auknum mæli að gera ráð fyrir að geta útvegað einhverju starfsfólki húsnæði. Sveitarfélagið hefur ákveðið að skoða með að lækka svokölluð lágmarksgatnagerðargjöld af lóðum á Flúðum, m.a. til að gera byggingu smærri íbúða hagkvæmari. Vonandi leiða slíkar aðgerðir til þess að auðveldara verður að byggja minni íbúðir og sú lækkan skili sér í vasa þeirra sem þar búa.

Hins vegar er maður allaf hugsi yfir þessum svokölluðu Airnb húsum. Þetta er vissulega tækifæri fyrir húseigendur en má ekki bitna um of á samfélagslegum hagsmunum að fólk hafi aðgang að íbúðarhúsnæði.

Ég kannaði það hjá Sýslumanninum í Reykjavík, sem sér um skráningu á svokallaðri 90 daga reglu, hvort slík húsnæði væru komin á skrá í Hrunamannahreppi. Niðurstaðan var sú að ekkert hús er komið með slíka skráningu og sýnir best hversu misheppnuð þessi regla er og eftirlitið sem ríkisvaldið á að hafa með þessum málum er í algerum molum.

Nú hafa sveitarfélögin í Uppsveitum ákveðið að skoða með hvort skynsamlegt sé að sveitarfélögin fjögur eigi áfram jörðina Laugarás. Ljóst er að sveitarfélögin eiga þarna talsverðar eignir sem spurning er hvernig með skuli fara. Það var til fyrirmyndar á sínum tíma að sveitarfélögin stóðu saman í þessu verkefni sem fyrst og fremst snérist um að festa í sessi góða lækniþjónustu í Uppsveitunum. Nú hafa kannski forsendur breyst og skynsamlegt er að skoða málið í góðri samvinnu við nágranna okkar.

Nú hafa sveitarfélagið, lögreglan og aðilar á svæðinu verið að hittast til að ræða aðallega hvernig verslunarmannahelgin eigi að fara fram á Flúðum. Allir aðilar leggja áherslu á að um sé að ræða fjölskylduhátíð og allir verði að vera mjög vakandi yfir því að þessi mannfagnaður verði með þessum hætti. Það eru ný og bætt vinnubrögð að þessi aðilar hittist og skipuleggi og leggi línurnar. Það er ljóst að allir ætla að vera með öflugan gæslu á svæðinu og lögreglan verður m.a. með fíkniefnahund. Annars sýnist okkur að helstu hátíðir sumarsins verði verslunarmannahelgin og síðan uppskeruhátíðin í haust. Okkur sýnist að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að fólk heimssæki okkur ekki í sumar enda gífurlegur fjöldi ferðamanna á ferðinni alla daga. Ég vil síðan hvetja fólk til að taka þátt í 17 júní hátíðarhöldunum á Flúðum. Kannski verður tækifæri að nota Lækjargarðinn á Flúðum undir atburði hátíðarinnar ef veður leyfir. Síðan má náttúrulega sækja heimaleiki knattspyrnudeildar UMFH en í fyrsta skipti taka strákarnir þátt í 4. deild íslandsmeistarmótsins. Hvet ég alla til að mæta á völinn og styðja strákana.

Veraldarvinir munu heimsækja okkur 2-3 vikur núna í júní þar sem þau vinna að samfélagslegum verkefnum fyrir sveitarfélagið. Það kemur sér nú ágætlega þar sem aðeins tvö börn verða í vinnuskóla sveitarfélagsins þetta sumarið. Sýnir þetta best hvernig staðan er núna á vinnumarkaði en það er gargandi eftirspurn eftir vinnuafli. Hins vegar er lífleg starfssemi í kring um Ungmennafélagið og önnur félagasamtök á sumrin þannig að vonandi finna börnin okkar sér ýmislegt til dundurs í sumar annað en bara vinnu.

Nú hefur Else lokið störfum fyrir félagsmiðstöðina Zero og Maja snýr til baka í haust að loknu fæðingarorlofi. Ég þakka Else fyrir góð störf með börnunum okkar. Þessi mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður víst enginn júlípistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótið þess til fullnustu.

Jón G. Valgeirsson  
Sveitarstjóri

## Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2017

Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2017. Þetta er sextánda sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta og þetta sumarið er boðið upp á tvær ferðir sem ekki hafa verið farnar áður á vegum nefndarinnar. Allar ferðirnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema ferðirnar 01.07. og 26.08. sem eru dagsgöngur. Frítt er í allar kvöldgöngurnar en innheimt verður fyrir leiðsögn/akstur í dagsgöngur. Leiðsögumenn í ferðunum verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

### 1. ferð er 21. júní. Byrgi Fjalla- Eyvindar

Lagt af stað kl 20:00 frá upplýsingaskiltinu um byrgi Fjalla Eyvindar sem er við afleggjarann heim að Jötu. Gengið eftir götum fram Skipholtsfjall og að byrgi (búri) Fjalla-Eyvindar sem er vel falið í landslaginu. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

### 2. ferð er 28. júní. Gildurhagi

Lagt af stað kl 20:00 frá hlaðinu á Laugum. Þetta er létt og skemmtileg leið inn í Gildurhaga sem er mikil náttúruperla. Sagan af Sængurkonukletti verður rifjuð upp. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

### 3. ferð er 1. júlí. Foss- Ingjaldshnjúkur- Hildarsel- Fagridalur- Foss, dagsganga

Lagt af stað kl 11:00 frá planinu sem er fyrir framan fossinn áður en komið er heim að bænum Fossi. Þaðan er gengið upp á Tjarnheiði og svo haldið í suðurátt fram á Ingjaldshnjúk þar sem er víðáttumikið útsýni. Þaðan er haldið niður að eyðibýlinu Hildarseli, skoðum Kistufoss í Litlu-Laxá. Göngum síðan Fagradal til baka að Fossi. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar. Ganga sem tekur u.þ.b. 5-6 klst.

### 4. ferð er 5. júlí. Kaldbakur Núpsvatn

Lagt af stað kl 20:00 frá hlaðinu við braggann sem er staðsettur rétt áður en komið er heim að Kaldbak. Þetta er létt og skemmtileg leið inn að Núpsvatni (Kaldbaksvatni) en þaðan má m.a. sjá Stóru- Laxá liðast um malareyrar fyrir neðan Hrunakrök. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

### **5.ferð er 12. júlí. Hörgsholt Sólheimar**

Lagt af stað kl 20:00 frá Sólheimum. Hittumst á planinu við rörahlíðið hjá fjárhúsinu á Sólheimum.

Þar verður safnast í bíla og ekið að afleggjaranum heim að Hörgsholti þar sem gangan hefst. Gengið verður að eyðibýlinu Hörgsholti og þaðan meðfram Stóru- Laxá niður að Sólheimum. Skemmtileg og falleg leið þar sem Stóra- Laxá rennur í fallegum gljúfrum.

Ganga sem tekur u.þ.b. 3 klst.

### **6.ferð er 19. júlí. Snússa Álfaskeið Langholtsfjall Snússa**

Lagt af stað kl 20:00 frá Golfskálanum Snússu og gengið göturnar austan undir Langholtsfjalli. Eftir þægilega göngu á reiðgötum er gengið upp eftir Tæpastíg og komið á hinn þekktu samkomustað Álfaskeið. Þaðan er haldið áfram upp að sjónvarpsmöstrunum en þaðan er frábært útsýni til allra átta. Þaðan er síðan haldið aftur niður að Golfskálanum í Snússu.

Ganga sem tekur u.þ.b. 2-3 klst.

### **7.ferð er 26. júlí. Hruni - Hrepphólar, gengið á milli kirkna.**

Lagt af stað kl 20:00 frá planinu við Hrunakirkju og gengið sem leið liggur að Sólheimum og þaðan áfram eftir reiðgötum austan við Galtafell uns komið er að Hólahnjúkum þar sem sjá má stórkostlegar stuðlabergsmyn-danir. Gangan endar við Hrepphólakirkju.

Ganga sem tekur u.þ.b. 3 klst.

### **8.og síðasta ferð sumarsins 26. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga.**

Þetta er dagsganga. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnessýslu. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.



# Frá Félagi eldri Hrunamanna

Landsfundur Landssambands eldri borgara var haldinn í Hafnarfirði 23. - 24. maí s.l. Tveir fulltrúar frá okkar félagi sátu fundinn.

Eftirfarandi *ályktun um kjaramál* var samþykkt á fundinum.

Landsfundur Landssambands eldri borgara haldinn 23. – 24. maí 2017 krefst þess að lög um almannatryggingar verði endurskoðuð þannig að frítekjumark eldri borgara verði afnumið nú þegar. **Skattar til samfélagsins eiga að fara eftir tekjum fólks, en ekki eftir aldri.** Landsfundurinn telur að það stangist á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að beita sérstökum skatti á fólk sem hefur náð ákveðnum aldri. Jaðarskattar á eldra fólk, afli það sér viðbótartekna, geta í dag numið allt að 73%.

Það er óviðunandi að Tryggingarstofnun lækki greiðslur til eftirlaunafólks afli það sér viðbótartekna, afleiðing þessa er að fjölmörgum í þessum aldurshópi er haldið í fátæktargildru og hvatinn til að vinna hverfur. Þessi staða hvetur til þess að launamenn færi sig inn í svarta hagkerfið. Landsfundurinn krefst þess að staðið verði við ákvæði lágmarkslauna hvað varðar lágmarkskjör aldraðra.

Í skýrslu um fjölþjóðlega rannsókn á vegum OECD kemur fram að íslenska lífeyriskerfið sker sig úr með mikilli tekjutengingu lífeyris úr almannatryggingum, jafnframt er Ísland eina landið þar sem lífeyrir frá Tryggingastofnun fellur niður ef tekjur frá lífeyrissjóðum fara yfir tiltekin mörk. Draga þarf úr þessum skerðingum hið fyrsta og taka upp eðlilegan grunnlífeyri fyrir alla. Fundurinn bendir á að Íslendingum sé einum þjóða í Evrópu gert að búa við skertan grunnlífeyri.

Landsfundurinn telur að skoða eigi til hlítar hvort höfða megi mál gegn ríkinu og fá þar úr því skorið hvort ákvarðanir Alþingis um að skerða tekjur eldra fólks sem hefur áunnið sér réttindi í lífeyrissjóði standist eignarréttarákvæði Stjórnarskrárinnar.

Landsfundurinn telur að samtök eldri borgara eigi að taka upp formlegt samstarf við samtök launamanna til að berjast fyrir bættum kjörum aldraðra í landinu. Hækkanir á ýmsum þjónustugjöldum aldraðra og sjúkragjöld verði endurskoðuð til lækkunar. Fundurinn krefst þess að virðisaukaskattur á lyf verði felldur niður auk þess að niðurgreiðslur vegna tannlækninga og hjálpartækja verði stóruknar.

Landsfundurinn krefst þess að persónuafsláttur verði hækkadur þannig að hann fylgi hækkunum launavísitölu frá árinu 1988. Síðan verði tryggt að persónuafsláttur hækki árlega í samræmi við launavísitölu.

# Samkaup **strax**

## Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00–19:00

Laugardaga: 10:00–19:00

Sunnudaga: 10:00–18:00

Sími: 486 6633

Frá SR grænmeti

Smiðjustíg 10

Flúðum

Verðum með kálplöntur og kryddjurtir til sölu í heimagarða einnig áburð og akril í metravís.

Opið um helgar 10 – 16.

Miðri viku 13 -16.

Sími 862-2374 og 486-1070



TAXI á svæðinu sem mun þjónusta

Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða og Gnúpverjær.

Ög allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

## Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opið alla daga vikunnar

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)



LAUGARVATN  
**fontana**  
Hötsulind frá landnámi

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**  
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímabantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími.*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:00*

***LOKAÐ vegna sumarleyfa: 10. júlí til 28. júlí***



**Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!**

**Er mætt aftur til starfa og verð við eftir samkomulagi.**

**Tímabantanir í síma: 863 0433**

**Allir velkomnir**

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á



Menningarklasí uppveita Árnessýslu

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

# EIMSKIP

Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

## Sumarið í Skálholti – tónlist, miðaldakvöldverður, pílagrímar og sögur.



Í sumar verður fjölbreytileg dagskrá í Skálholti, Sumartónleikarnir eru á sínum stað, Skálholtshátíð 23. júlí og pílagrímagöngur, jafnt frá Bæ í Borgarfirði, Þingvöllum og Strandakirkju sem enda á Skálholtshátíð. Einnig verður boðið upp á þá nýbreytni að bjóða upp á „Sumarkvöld í Skálholti“ en þá koma góðir gestir sýna og segja frá ýmsu markverðu á staðnum eða úr sögu hans.

Opinn miðaldakvöldverður verður haldinn föstudagskvöldið 23. júní og geta allir komið og tekið þátt, sjá nánar á [www.skalholt.is](http://www.skalholt.is)

Sumartónleikarnir hefjast fyrstu helgina í júlí eða 3. Júlí en þá verður m.a. Flutt kórverkið Ljósbrott sem er samið um glugga Skálholtsdómkirkju. Tónleikarnir verða svo allar götur til 6. Ágúst og eru tónleikadagarnir oftast um helgar. Sjá nánar á heimasíðu Skálholts.

Fyrsta pílagrímaganga sumarsins í Skálholt hófst sunnudaginn 28. Maí í Strandakirkju en síðan er gengið fjóra sunnudaga í júní júlí, næst 11. Júní. Sjá nánar á heimasíðu Skálholts og á vef Ferðafélags Íslands.

„Sumarkvöld í Skálholti“ verða á miðvikudagskvöldum og verður það fyrsta 28. Júní en þá mun Guðríður Helgadóttir segja frá ræktun í Skálholti og kenna þátttakendum að lesa jurtir á staðnum. Hún verður svo aftur viku seinna eða 5. Júlí, en 12. Júlí kemur Sveinn Einarsson f.v. Þjóðleikhússtjóri og segir frá því þegar kista Páls biskups fannst í Skálholti. Hildur Hákonardóttir veflistakona segir frá listaverkum Skálholtsdómkirkju 19. Júlí en síðasta miðvikudagskvöldið, 26. Júlí segir Bjarni Harðarson sögur af skemmtilegu og skrítnu fólki í Skálholti. Á eftir verður kaffiterían opin og er hægt að kaupa veitingar.

# UPPSPRETTAN 2017

Brokk og skokk

Byggðarhátíðin í Skeiða-  
og Gnúpverjahreppi  
verður haldin í Árnesi  
17-18. júní

Bjástrað á bæjunum



matur

leiktæki

tónlist

prautir og sprell

ljósmyndasýning

Hlökkum til að sjá ykkur!  
Menningar- og æskulýðsnefnd





## HRUNAPRESTAKALL

Ágætu sveitingar.

Fermingar fóru fram á hvítasunnu en alls voru tíu börn fermd í tveimur athöfnum í Hrepphólakirkju og Hrunakirkju. Áður, á sumardaginn fyrsta, voru tvö börn fermd. Þau sem fermdust á hvítasunnu eru:

Aron Ernir Ragnarsson, Efra-Langholti, 845 Flúðum  
Eyþór Orri Árnason, Vesturbrún 6, 845 Flúðm  
Hjörný Karlsdóttir, Skipholti 1, 845 Flúðum  
Laufey Ósk Grímsdóttir, Ásatúni, 845 Flúðum  
Milena Jozefik, Högnastíg 6, 845 Flúðm  
Páll Magnús Unnsteinsson, Langholtskoti, 845 Flúðum  
Una Bóel Jónsdóttir, Vesturbrún 21, 845 Flúðum  
Þorvaldur Logi Einarsson, Miðfelli 2a, 845 Flúðum  
Auðunn Magni Björgvinsson, Laxárdal 1a, 801 Selfoss  
Iðunn Ósk Jónsdóttir, Ásum, 801 Selfoss

Síðasta messan fyrir sumarfrí verður útimessa í Steinholti sunnudaginn 25. júní kl. 11. Síðan eru fyrstu messur eftir sumarleyfi í Tungufelli sunnudaginn 13. ágúst kl. 14 og hestamannamessan sem að þessu sinni verður í Hrepphólakirkju (vegna framkvæmda á Stóra-Núpskirkju) sunnudaginn 20. ágúst kl. 14. Að venju leggur hópreið af stað frá Hruna kl. 11:30, væntanlega með viðkomu í Hlíð.

Að lokum vil ég geta um eftirminnilega ferð sem Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna fór ásamt organista og presti norður í Eyjafjörð nú í byrjun maí. Erindið var að gera sér glaða daga saman og syngja messu í Grundarkirkju en sálmaskáldið sr. Valdimar Briem var fæddur á Grund í Eyjafirði. Hópurinn fór í dagsferð til Húsavíkur með viðkomu á nokkrum stöðum og var þar undir styrkri leiðsögn Önnu K. Ásmundsdóttur. Veðrið lék við okkur, sannkölluð himnabliða og Eyfirðingar tóku á móti okkur Sunnlendingum af rausnarskap.

Með ósk um blessunarríkt sumar.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson*



## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

## Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



## SUMARFERÐ ELDRI BORGARA.

Hin árlega sumarferð Félags eldri Hrunamanna verður farin mánudaginn 19. júní eins dags ferð. Farið verður vestur um Kaldadal komið að Húsafelli skoðað sig þar um og snæddur hádegisverður (súpuhlaðborð kostar kr.2050 á mann). Ekið niður Borgarfjörð í Borgarnes og skoðað landnámssetrið ( stansað á góðum útsýnis stöðum á leið þangað).

Á heimleið verður snæddur kvöldverður á góðum stað (eftir að ákveða staðsetningu) Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu kl

9.30 Þátttaka

tilkynnist til Bubbu

og Magnúsar í síma

487-6670 eða 862-3674

í síðasta lagi

14.júní.



Kveðja Bubba og Magnús

## Hrunamannahreppur



óskar eftir tveimur einstaklingum til að sjá um félagsstarf eldri borgara í Heimalandi frá október til aprílloka. Upplýsingar hjá sveitarstjóra á skrifstofunni í síma 480 6600 netfang: jon@fludir.is



## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)



Kæru sveitungar, frændfólk og vinir

Hlýjar hugsanir og bænir ykkar hjálpa okkur í sorginni og gegnum erfiðan tíma

Með þakklæti og góðum óskum förum við út í sumarið

Til minningar um Pálmar Þorgeirsson,  
viljum við benda á söfnun fyrir  
sjálfvirkum hjartahnoðara sem  
Björgunarfélagið Eyvindur stendur fyrir  
núna. Reikningsnr.

0325-13-301382 kt 460100-2590

Ragnhildur, Lára Bryndís, Rúnar, Svavar Geir, Svava  
Pálsdóttir og stórfjölskyldan öll.



## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



---

*Erla Björg Arnardóttir*

*Garðyrkjufræðingur*

*Sími: 858-3399*

*graennaland@simnet.is*

---



## **KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA**

**Open 11:00 – 21.30, every day.  
Opið alla daga frá kl. 11.00 til 21.30.**

Everyone welcome! / Verið hjartanlega velkomin!

Tel. 486-6454 / 846-9321 / 661-5935

<http://kaffisel.is>

Facebook: kaffisel





## Brokk og Skokk 2017 í Skaftholtsréttum 17. júní kl. 10:00 - 12:30



Búið er að tryggja veðurblíðuna á Þjóðhátíðardaginn, því Brokk og Skokk hefur alltaf verið haldið í góðu veðri.



Hvert lið samanstendur af tveimur knöpum og einum hesti.

Fjölskylduhringur 2,8 km.

Íþróttahringur 6 km.

Skráning á facebookhópnum,  
Brokk og Skokk





Leikskólinn  
Undraland  
Flókum í Hrunamannahreppi  
Sími: 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is



## Vordagur í Leikskólanum



Fyrsti leikur UMFH á heimavelli í 4. deild Íslandsmeistaramótsins í knattspyrnu.




## Hátíðardagskrá í Hrunamannahreppi 17. júní 2017

Dagskráin hefst með skríðgöngu sem leggur af stað frá félagsheimilinu klukkan 13:30. Að henni lokinni, eða um klukkan 14 hefjast hefðbundin hátíðarhöld í skríðgarðinum ef veður leyfir annars fara þau fram í félagsheimilinu. Fjallkonan flytur ljóð. Séra Óskar H. Óskarsson flytur hugvekju, flutt verður hátíðarræða og tónlistaratriði. Þá verður tilkynnt um val á íþróttamanni ársins auk þess verða nokkrir afreksmenn í hinum ýmsu íþróttagreinum heiðraðir. Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps verða veitt. Þá er komið að „17 júní hlaupi“ en keppt verður í yngri og eldri flokkum.

-Unglingadeildin Vindur mun selja blöðrur og bjóða upp á andlitsmálningu

-Kassaklifur og Hoppukastalar



17.júní nefndin